

8
4. júní

LÖG

um

heimild fyrir bæjarstjórnir og hreppsnefndir til að takmarka eða
banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Dan-
merkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri,
Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Bæjarstjórnnum og hreppsnefndum er heimilt, með reglugerð, er stjórn-
arráðið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kaup-
túnum. Má í reglugerðinni ákveða sektir fyrir afbrot, og skulu þær renna í
hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarsjóð. Skal farið með mál útaf slíkum brotum
sem almenn lögrehlumál.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson,